

Reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði

Á fundi stjórnar Bændasamtaka Íslands sem haldinn var þann 12. desember 2012 voru samþykktar svofelldar reglur um ritstjórnarlegt sjálfstæði. Reglurnar voru mótaðar í samráði við þá starfsmenn Bændasamtaka Íslands sem sinna fréttum og fræðslutengdu efni.

Bændasamtök Íslands starfrækja fjölmiðilinn Bændablaðið sem er mál gagn íslenskra bænda. Blaðið er að fullu í eigu Bændasamtaka Íslands og hefur aðsetur á skrifstofum þeirra í Bændahöllinni við Hagatorg. Útgáfa Bændablaðsins fellur undir útgáfu- og kynningarsvið samtakanna. Tilgangur blaðsins er m.a. að fjalla um málefni landbúnaðarins og miðla fræðslu- og kynningarefni um atvinnugreinina.

A. Starfsskilyrði

Ritstjóri, blaðamenn, auglýsingastjóri og sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs Bændasamtaka Íslands vinna saman að útgáfu Bændablaðsins, rekstri vefja og ýmsum öðrum verkefnum fyrir samtökin. Allir starfsmenn útgáfu- og kynningarsviðs gera ráðningarsamninga við Bændasamtök Íslands sem framkvæmdastjóri þeirra undirritar f.h. vinnuveitandans.

B. Starfshættir


Ritstjórnarstefna Bændablaðsins og vefsins www.bbl.is er mótuð af ritstjóra hverju sinni. Fyrir hvert tölublað eru haldnir ritstjórnarfundir þar sem starfsmenn funda um efnistöknæsta blaðs. Þar skiptast starfsmenn á skoðunum um efnistöknæsta blaðsins og ræða hugmyndir að umfjöllun og fréttaskrifum.

Ritstjóri felur blaðamönnum verkefni og hefur lokaorðið um birtingu.

C. Skilyrði áminningar og uppsagnar viðkomandi efnisstjóra og blaða- og fréttamanna

Á íslenskum vinnumarkaði gilda ákveðnar meginreglur um veitingu áminningar og brottvikningu starfsmanna. Ákvörðun ritstjórnar um efnistöknæsta Bændablaðsins, sem hugsanlega féllu ekki eiganda fjölmiðilsins eða annarra í geð, geta ekki samkvæmt þessum meginreglum myndað grundvöll áminningar eða brottvikningar enda er slík ákvörðun ekki brot á ráðningarsamningi viðkomandi starfsmanns.

12. desember 2012



sviðsstjóri útgáfu- og kynningarsviðs BÍ

Bændablaðið – Bændahöllin við Hagatorg - 107 Reykjavík